

Mál nr 13/2012

Ár 2013, mánudaginn 18. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 11/2012

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. desember 2012 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para XX við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun auk þess sem tíkin var ekki með gild hjarta- og augnvottorð. Með kærinni barst bréf dags 11. júní frá kærðu. Kærandi gerði ekki efnislega athugasemd við andsvar kærðu og bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll sjónarmið er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt þörunarvottorði ódagsettu paraðist tíkin XX við rakkann ZZ. Hundarnir eru af hundakyninu Cavalier king charles spaniel og eru báðir í eigu kærðu. Við þörunina var tíkin 8 mánaða gömul og hafði því ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ kveða á um auk þess sem tíkin var ekki með gild hjarta- og augnvottorð. Kærða svaraði því til að þörunin hafi á engan hátt verið af ásetningi heldur hafi verið um slysgot að ræða enda tíkin alltof ung og ekki komin með tilskilin heilsufarsvottorð. Hún hafi strax og grunur reyndist um að tíkin væri hvolpafull farið með hana til dýralæknis til að fá það staðfest og einnig farið fram á það við dýralækninn að hvolpafóstrin yrðu fjarlægð. Dýralæknirinn taldi of seint að sprauta tíkina og aftók alla aðgerð til að fjarlægja fóstrin. Tíkin hafi því þrátt fyrir ungan aldur skilað í heiminn 4 tíkarhvolpum sem allar hafi dafnað vel. Kærða gerir sér grein fyrir alvöru málsins og biðst velvirðingar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með).”

Og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um Cavalier king charles spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 25 mánaða við þörun. (Gildir frá 01.07.2009) Ekki skal rækta undan hundum, sem greinast með eftirtalda augnsjúkdóma: PRA, Starblindu (Juvenile cataract), meðfædda starblindu (Microphthalmia cataract), Retinal Dysplasia geographic/detached eða Multifocal Retinal Dysplasia. Greinist hundur með einhvern af ofangreindum augnsjúkdómum fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. (Gildir frá 01.08.2006). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Hjartavottorð: Vottorð undaneldishunda má ekki vera eldra en 6 mánaða við þörun og skulu þeir vera án murrar þar til 6 ára aldri er náð (gildir fyrir þaranir frá og með 1. Júlí 2009). Vottorð eftir að 5 ára aldri undaneldishunda er náð gildir í eitt ár. Vottorð eftir 7 ára aldur undaneldishunda gildir ævilangt. (Gildir frá 01.01.2008). Hjartavottorð þarf að fylgja ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Niðurstaða DNA prófa vegna Episodic Falling og Curly Coat skal vera ljós fyrir þörun. Arfbera má para með fríum einstaklingi. Hundar sem hafa (affected) EF eða CC fara í ræktunarbann. Ef báðir foreldrar undaneldishunda eru fríir þarf ekki að DNA prófa afkvæmi þeirra. Sýnataka þarf að fara fram hjá dýralækni eða stjórn deildarinnar sem einnig sjá um að póstsenda sýnin. (Gildir frá 01.11.2011) ”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin undir þeim aldri sem reglur kveða á um og að öll tilskilin heilsufarsvottorð vantaði. Það er alfarið á ábyrgð eiganda að tikur þarist ekki fyrir slysi. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 og grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ, reglur sem settar eru með dýravernd að leiðarljósi. Þrátt fyrir alvarleika brotsins skal við mat á viðurlögum líta til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og jafnframt beðist velvirðingar á brotinu.

IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst vera brotleg við grein 3.3 og 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt.

Sign:

Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir